

INNGANGUR

Er hægt að byggja sagnir á grunni kenninga um eðli sagnbaráttunnar?

Furðu lítil fræði eru til um eðli sagnbaráttu. Segja má að tvær bækur standi þó uppúr: *To Bid or Not to Bid* eftir Larry Cohen (1992), þar sem fjallað er um lögmálið um heildarfjölda slaga og notagildi þess í sagnbaráttu; hins vegar er það bók Robsons og Segals, *Partnership Bidding* (1993), en þar er atlagan gerð að ýmsum mikilvægum málefnum baráttunnar, svo sem forystuhlutverki í sögnum, hindrunarstíl, nákvæmum skilgreiningum á handgerðum og ýmsu fleiru. Bókin er full af góðum hugmyndum, en höfundar ná ekki nægilega vel utan um efnið til að geta mótað heildstæða kenningu. Íslenskir spilarar hafa tileinkað sér “lögmálið” nokkuð vel; þekkingu sambandið milli trompfjölda og slagafjölda og kunna beita sér í samræmi við það við borðið. Ýmsar hugmyndir Robsons & Segals hafa verið teknar upp, sumar góðar, aðrar ekki eins góðar. Af síðara taginu má nefna lausbeilsaðar hindranir, sem margir hafa spilað hér á landi undanfarin ár með misjöfunum árangri, vægast sagt.

Undirritaður hefur lengi haft áhuga á sagnbaráttunni, einkum þeirri spurningu hvort hægt sé að leiða út skýrar kenningar, sem auðvelt er að nýta við borðið. Sú ritgerð, sem fylgir í þessum “sagnbaráttupakka” er afrakstur þælinga af því tagi. Ég kynnti þessar hugmyndir fyrir landsliðshópi BSÍ á æfingu í byrjun maí. Áður hafði hópurinn (15 manns) svarað þeim 20 sagndæmum, sem birt eru hér í sjálfstæðu skjali, ásamt með svörum hópsins. Fyrir áhugasama má mæla með að reyna við sagndæmin fyrst, skoða svo svör hópsins (neðst á hverri síðu), lesa síðan ritgerðina og sagngreiningu á dæmunum (sem líka er í sjálfstæðu skjali). Meiningin er að safna fleiri dæmum og búa til eins konar “umræðupott” og væri gaman ef sem flestir kæmu að því máli—til dæmis með því að senda mér spil á netfangið gpa@talnet.is

maí 2010

Guðmundur Páll Arnarson